

Reglur fyrir þá sem ekki hafa lokið formlegu námi

Starfsþróunarnefnd

Reglur um framkvæmd gr. 10.2.1 og bókana um mat á starfstengdu námi með kjarasamningum frá 2015 til 2019

Starfsþróunarnefnd birtir lista yfir starfstengt nám sem nefndin staðfestir að uppfylli skilyrði um ávinnslu persónuálags í ákvæðum gr. 10.2.1 og í bókunum um mat á styttri starfstengdum námskeiðum. Listinn er birtur á heimasíðu Sambands Íslenskra sveitarfélaga <http://www.samband.is/verkefni/kjara-og-starfsmannamal/starfsthrouarnefnd/>

Við mat á starfstengdu námi til persónuálags er starfsmönnum sveitarfélaga skipt í tvo hópa þ.e. annars vegar þá sem ekki hafa lokið formlegu lokaprófi á framhaldsskólastigi og hins vegar þá sem lokið hafa formlegu lokaprófi á framhaldsskólastigi (2 til 4 ár skv. gr. 10.2.3). Fyrri hópurinn getur fengið heilstætt starfstengt nám, sem er a.m.k. 150 kest. (kennslustundir) að lengd, metið til 2% persónuálags. Hópurinn sem hefur lokið framhaldsskólaprófi getur með sama hætti fengið 2% persónuálag vegna styttri starfstengdra námskeiða sem samanlagt ná a.m.k. 150 kest.

Gildir um starfsmenn sveitarfélaga sem ekki hafa lokið formlegu lokaprófi á framhaldsskólastigi

Þeir starfsmenn sveitarfélaga sem **ekki hafa lokið** formlegu lokaprófi á framhaldsskólastigi en hafa lokið a.m.k. 150 kest. (kennslustundir) starfstengdu námi, fá 2% persónuálag á grundvelli gr. 10.2.1 að eftirfarandi skilyrðum Starfsþróunarnefndar uppfylltum:

- Að námið sé á lista Starfsþróunarnefndar yfir samþykkt nám, sem meta skal skv. gr. 10.2.1 í kjarasamningum aðila.
- Að námið sé ekki metið skv. gr. 10.2.3 í kjarasamningum aðila.
- Að námið tengist starfi starfsmannsins og hafi ekki áður verið metið í starfsmati í starfi hans.
- Að námið sé sérsniðið að þörfum sveitarfélaga.
- Að námið sé kennt af fræðsluaðilum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og aðra þá sem Starfsþróunarnefndin metur sem hæfa fræðsluaðila.
- Að starfsmaður leggi fram staðfestingu til launagreiðanda frá fræðsluaðila um að hann hafi lokið náminu með fullnægjandi hætti. Meginreglan er sú að meta ekki eldri námskeið en fimm ára.

Launagreiðendur og stéttarfélag beini erindum varðandi mat á námskeiðum sem ekki eru tilgreind á lista nefndarinnar til Starfsþróunarnefndar á netfangið starfsthrouarnefnd@samband.is.

Launabreyting samkvæmt gr. 10.2.1 í gildandi kjarasamningi skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um lok náms, enda hafi þau borist fyrir 15. dag mánaðarins.

Gildistaka launabreytinga á grundvelli gr. 10.2.1 og bókana um mat á starfstengdu námi með kjarasamningum frá 2015 til 2019

Starfsmannafélög innan BSRB, LSS og stéttarfélag innan ASÍ

- Launabreyting samkvæmt gr. 10.2.1 í gildandi kjarasamningi tekur gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um lok náms, enda hafi þau borist fyrir 15. dag mánaðarins. Grein 10.2.1 gildir frá 1. janúar 2018.

Svo samþykkt af Starfsþróunarnefnd 15. janúar 2018.